



Leiðbeiningar varðandi birtingu upplýsinga um fjárfestingargjöld lífeyrissjóða

Reykjavík, 16. október 2017

Í leiðbeiningum þessum er að finna útlitun á því hvernig lífeyrissjóðum ber að haga framsetningu upplýsinga í skýringum við ársreikning vegna fjárfestingargjalda og áætlaðra fjárfestingargjalda í samræmi við form í viðauka II í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015. Viðauki II varð hluti af reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015, með setningu reglna nr. 644/2017.

1. Almennt um upplýsingagjöf í yfirliti yfir fjárfestingargjöld:

- 1.1. *Varðandi frávik frá formi upplýsingagjafar um fjárfestingargjöld:* Svo tryggt sé að ársreikningur lífeyrissjóða gefi glögga mynd af reikningsskilum þeirra, sbr. 4. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015, kann lífeyrissjóðum að vera skylt að víkja frá uppsetningu formsins í viðauka II. Miðað er við að lífeyrissjóðum sé skylt að bæta við undirliðum nemi hlutfall „annarra fjárfestingargjalda“ meira en 5% af samanlögðum undirliðum fjárfestingargjalda. Veigamestu fjárfestingargjöld undirliðarins „Önnur fjárfestingargjöld“ skulu þá tilgreind í sérlið eða, eftir atvikum, sérliðum.
- 1.2. *Varðandi sérgreind yfirlit vegna deilda lífeyrissjóða:* Starfi lífeyrissjóður í fleiri en einni deild, ber honum að sýna yfirlit yfir fjárfestingargjöld og áætluð fjárfestingargjöld fyrir hverja deild, sbr. 6. mgr. 3. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015.

2. Upplýsingar um liði í yfirliti yfir fjárfestingargjöld:

- 2.1. *Upplýsingar um sjóði um sameiginlega fjárfestingu:* Samkvæmt forminu ber lífeyrissjóðum að veita upplýsingar um fjárfestingargjöld sundurliðað eftir tegundum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, og eftir því hvort sjóðirnir hafa staðfestu hér á landi eða erlendis. Veita skal upplýsingar um fjárfestingar lífeyrissjóða í erlendum fagfjárfestasjóðum undir liðnum „Vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu“.
- 2.2. *Upplýsingar vegna þóknana:* Jafnframt skulu lífeyrissjóðir veita upplýsingar um fjárfestingargjöld sem tengjast kaup- og sölupóknunum vegna verðbréfavíðskipta og vörslupóknunum. Með undirliðnum „Kaup- og



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

söluþóknarir vegna verðbréfiðskipta“ er átt við þóknarir sem eru tilkomnar vegna beinna kaupa og sölu lífeyrissjóðsins á einstökum verðbréfum. Með undirliðnum „Vörsluþóknarir“ er átt við þóknarir vegna vörslu fjármálagerninga í eigu lífeyrissjóðs.

2.3. Önnur fjárfestingargjöld: Með undirliðnum „Önnur fjárfestingargjöld“ er átt við öll önnur fjárfestingargjöld sem ekki falla undir aðra undirliði fjárfestingargjalda.

3. Upplýsingar um dálka í yfirliti yfir fjárfestingargjöld:

3.1. Í dálknum *Bein fjárfestingargjöld* í viðauka II skulu koma fram öll fjárfestingargjöld og allar þóknarir fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs, þ.e. beinan útlagðan kostnað sem greiddur er samkvæmt reikningum. Upplýsingar samkvæmt liðnum fela í sér sundurliðun á hluta fjárhæðar samkvæmt lið 3.7 *Fjárfestingargjöld* í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

3.2. Í dálknum *Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld* skulu koma fram sundurgreindar kostnaðarupplýsingar þegar kostnaður liggur ekki fyrir t.d. vegna þess að þóknarir fást ekki gefnar upp eða kostnaður er innifalinn í gengismuni eða vaxtatekjum viðkomandi sjóða, sbr. 17. mgr. 10. gr. Í þeim tilfellum þar sem kostnaður fæst ekki uppgefinn ber að reikna hann út, eða eftir atvikum áætla, miðað við samninga lífeyrissjóðsins við rekstrarfélög sjóðanna. Fjárfestingargjöld sem ekki eru greidd beint heldur reiknuð inn í gengi einstakra sjóða fela í sér annars vegar fjárfestingargjöld vegna sjóða þar sem fyrir liggur hver þóknunin er, t.d. hversu hátt hlutfall af eignum eða tekjum sjóðs umsjónaraðili hans fær í sinn hlut, og hins vegar sjóði þar sem ekki liggur fyrir hver þóknunin er. Vegna fyrri gerðar fjárfestingargjalda vegna sjóða þarf ekki að áætla þóknunina, einungis að reikna hana á grundvelli þekktra stærða. Vegna seinni gerðar fjárfestingargjaldanna þarf við útreikning á þóknun að gefa sér forsendur um einhverja þætti hennar, þ.e. áætla kostnaðinn út frá viðkomandi forsendum. Færa skal árangurstengdar þóknarir í sjóðum, t.a.m. vegna slita á sjóðum, undir þennan dálk. Þóknarir skal áætla í lok hvers árs í samræmi við stöðu fjárfestinga og umsamin kjör.

3.3. Birta skal upplýsingar um *Hlutfall fjárfestingargjalda alls af meðaleign* með því að leggja saman liðina *Bein fjárfestingargjöld* og *Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld* og deila með heildareign í sérhverjum flokki sjóða að meðaltali á reikningsskilaárinu. Birta skal upplýsingar um áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld, hlutfall fjárfestingargjalda af meðaleign og heildareign í sjóðum miðað við meðalstöðu eigna á reikningsskilaárinu. Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu skal reiknuð eftir frádrátt fjárfestingargjalda.